



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Dagsetning 31. janúar 2025
Málsnúmer MRN24060468

Viðbrögð mennta- og barnamálaráðuneytis við heimsóknarskýrslu embættis umboðsmanns Alþingis í búsetuúrræði Vinakots ehf.

Vísað er til bréfs umboðsmanns Alþingis, dags. 27. júní 2024, þar sem óskað er eftir því að mennta- og barnamálaráðherra geri grein fyrir viðbrögðum sínum við ábendingum og tilmælum sem heyra undir málefna svið mennta- og barnamálaráðuneytis og fjallað er um í heimsóknarskýrslu umboðsmanns í búsetuúrræði Vinakots ehf. á grundvelli OPCAT eftirlits embættisins. Í bréfinu er þess óskað að ráðuneytið svari erindinu eigi síðar en 1. janúar 2025. Að beiðni mennta- og barnamálaráðuneytis var ráðuneytinu veittur frestur til að svara erindinu til 31. janúar 2025.

Þvingunarráðstafanir, agaviðurlög o.fl.

Í 7. kafla heimsóknarskýrslunnar, sem fjallar um þvingun og nauðung, kemur fram að standi vilji stjórnvalda og Alþingis til þess að heimilt sé að beita þvingunarráðstöfunum, agaviðurlögum og inngripum í friðhelgi einkalífs barna sem vistast á heimilum og stofnunum á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga sé þeim tilmælum beint til mennta- og barnamálaráðherra að hafa frumkvæði að því að tryggja að slíkar ráðstafanir séu skilgreindar, svo og skilyrði fyrir beitingu þeirra, og þeim að öðru leyti búin viðhlítandi umgjörð í lögum.

Mennta- og barnamálaráðuneyti hefur unnið að undirbúningi heildarendurskoðunar barnaverndarlaga, nr. 80/2002, um nokkurt skeið. Verkefnið er umfangmikið og var ákveðið að skipta endurskoðuninni upp í tvo hluta, þ.e. fyrri og síðari hluta heildarendurskoðunar laganna. Með samþykkt frumvarps til laga um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.), nr. 107/2021, lauk fyrri hluta heildarendurskoðunarinnar. Í þeirri vinnu sem nú stendur yfir, og felur í sér síðari hluta endurskoðunarinnar, er sérstök áhersla lögð á sjálfstæð réttindi barna og barnvæna nálgun. Þær breytingar sem áformað er að leggja til á löggjöfinni miða m.a. að því að endurskoða þau ákvæði laganna sem tengjast úrræðum barnaverndarkerfisins og þvingunarráðstöfunum. Þá miðar vinnan að því að taka til skoðunar ákvæði laganna um málsmeðferð, þ.m.t. á þann hátt að aðkoma barna að málsmeðferð verði skýrð. Til stendur að fjalla með ítarlegri hætti en gert er í gildandi lögum um framkvæmd þvingunarráðstafna og meðferð kvartana- og kærumála. Aðrar breytingar sem áformað er að gera á löggjöfinni lúta að því að skýra gildissvið barnaverndarlaga, einkum m.t.t. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og skýra ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í tengslum við úrræði í barnavernd, þ.m.t. úrræði fyrir börn með flókinn og fjölpættan vanda.

Rétt er að upplýsa umboðsmann um að í því samráði sem þegar hefur farið fram í tengslum við síðari hluta heildarendurskoðunar barnaverndarlaga var ákveðið að setja saman sérstakan málefnaþóp sem hafði það að markmiði að fjalla um úrræði í barnavernd, þ.m.t. þvingunarráðstafanir sem nauðsyn kann að standa til að beita í slíkum úrræðum, sem og ábyrgðar-

og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum. Í yfirstandandi vinnu hefur jafnframt verið, og verður áfram, tekið mið af þeim ábendingum og tilmælum sem fjallað er um í heimsóknarskýrslu umboðsmanns Alþingis, sem og öðrum ábendingum sem málefningu tengjast, og hafa verið settar fram í öðrum sambærilegum skýrslum embættisins.

Mennta- og barnamálaráðuneyti tekur undir mikilvægi þess að þvingunarráðstöfunum, agaviðurlögum og inngrípum í friðhelgi einkalífs barna, sem vistast á heimilum og stofnunum á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga, sé búin viðeigandi umgjörð í lögum. Sú vinna sem hefur farið fram í ráðuneytinu á undanförunum misserum endurspeglar þessa áherslu þótt ekki hafi enn tekist að ljúka vinnu við frumvarp til nýrra laga um barnavernd, en áætlanir ráðuneytisins miða nú við að slíkt frumvarp verði lagt fram á Alþingi á 157. löggjafarþingi.

Ráðuneytið telur jafnframt rétt að upplýsa umboðsmann Alþingis um að á grundvelli framangreindrar vinnu hefur ráðuneytið hafið undirbúning að útgáfu nýrra reglugerða um réttindi barna og beitingu þvingunar á grundvelli 4. og 6. mgr. 82. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Áformað er að ljúka þeirri vinnu fyrir mitt ár. Vonir ráðuneytisins standa til þess að með reglugerðunum verði hægt að skilgreina betur þvingunarráðstafanir, agaviðurlög og inngríp í friðhelgi einkalífs barna sem vistast á heimilum og stofnunum á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Sú vinna muni leggja grunn að þeim breytingum sem gerðar verði á löggjöfinni í framhaldinu.

Sérhæfð og þverfagleg þjónusta.

Í 8. kafla heimsóknarskýrslunnar sem fjallar um heilbrigðisþjónustu, stoðþjónustu og virkni er þeim tilmælum beint til sveitarfélaga og eftir atvikum mennta- og barnamálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra að taka til skoðunar og meta hvort börn sem vistast í Vinakoti fái þá sérhæfðu og þverfaglegu þjónustu sem þau eiga rétt á lögum samkvæmt og grípa til aðgerða til úrbóta ef þörf telst á.

Í þessu sambandi telur ráðuneytið rétt að víkja að þeirri mikilvægu réttarbót sem fólst í samþykkt laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála fer með eftirlit með gæðum þjónustu sem m.a. er veitt á grundvelli barnaverndarlaga og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Stofnunin hefur því ákveðnu lögbundnu hlutverki að gegna, hvað þetta varðar og taka þarf tillit til þegar litið er til eftirlits og úttekta á þeirri þjónustu sem um ræðir. Hvað varðar aðkomu mennta- og barnamálaráðuneytis að úrbótum í málefnum barna með flókinn og fjölbættan vanda er rétt að taka fram að hluti af vinnu við heildarendurskoðun barnaverndarlaga er rýni á reglur sem varða börn sem eru vistuð utan heimilis á öðrum forsendum en á grundvelli barnaverndarlaga. Ráðuneytið hefur lagt á það áherslu að greina þá þjónustu og þau úrræði sem til staðar eru fyrir þann hóp barna sem um ræðir sem og að móta framtíðarsýn í málaflokknum. Ýmis vinna hefur farið fram undanfarin ár við að kortleggja stöðuna og líkt og umboðsmanni er þegar kunnugt um, og fjallað er um í heimsóknarskýrslunni, liggja fyrir skýrslur þar um.

Í júní 2022 skipaði mennta- og barnamálaráðherra stýrihóp um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölbættan vanda. Í stýrihópnum áttu sæti fulltrúar frá mennta- og barnamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, heilbrigðisráðuneyti, félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og Barna- og fjölskyldustofu. Líkt og fjallað er um í heimsóknarskýrslu umboðsmanns grundvallast þjónusta við þann hóp barna sem um ræðir ýmist á lögum um barnavernd eða þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir en einnig kann að reyna á löggjöf um heilbrigðisþjónustu. Þótti því mikilvægt að ná utan um verkefnið með aðkomu allra hlutaðeigandi aðila og var hlutverk stýrihópsins að kortleggja og greina þjónustupörf barna með fjölbættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir og endurskoða fyrirkomulag úrræða og þjónustu, með réttindi barna og

aðgengi þeirra að fullnægjandi þjónustu að leiðarljósi. Einnig var stýrihópnum falið að leggja til verka- og kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Stýrihópurinn skilaði skýrslu sinni með tillögum til ráðherra í ágúst 2023.

Í framhaldi var ákveðið að taka til nánari skoðunar tiltekin atriði vinnu stýrihópsins og tengja við vinnu starfshóps félags- og vinnumarkaðsráðuneytis um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk. Í síðari áfangaskýrslu starfshópsins, sem gefin var út í september 2024, má finna umfjöllun um stöðu og framtíð barna og ungmenna með fjölbættan vanda. Þær tillögur sem finna má í tilvitnuðum skýrslum, annars vegar skýrslu stýrihópsins frá því í ágúst 2023 og hins vegar frá því í september 2024 liggja til grundvallar framtíðarsýn og stefnumótun mennta- og barnamálaráðuneytis í málaflokknum. Eins og kemur skýrt fram í þessum skýrslum er það talið skilgreindum hópi barna fyrir bestu að ríkið taki yfir ábyrgð og fjármögnun vegna þjónustu við hann. Mennta- og barnamálaráðuneyti mun leggja á það áherslu og vinna að því með virkum hætti að samstaða náist hið fyrsta um ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum, með hagsmuni þeirra barna sem þarfnast þjónustu, stuðnings og vistunar utan heimilis að leiðarljósi.

Réttindi barna, talsmenn o.fl.

Í 10. kafla heimsóknarskýrslunnar, sem fjallar um kvörtunar- og kæruleiðir, upplýsingagjöf og endurskoðun vistunar, er þeirri ábendingu beint til mennta- og barnamálaráðherra og eftir atvikum félags- og vinnumarkaðsráðherra að taka til skoðunar hvort réttur barna til aðstoðar talsmanna eða annarrar réttindagæslu sé nægilega tryggður í málum sem varða vistun þeirra utan heimilis. Verði niðurstaðan sú að svo sé ekki er því beint til hlutaðeigandi ráðherra að hafa frumkvæði að því að bæta þar úr.

Eins og vikið var að hér að framan hefur verið lögð sérstök áhersla á sjálfstæð réttindi barna og barnvæna nálgun við þá heildarendurskoðun sem nú stendur yfir á lagaumhverfinu. Áformað er að skýra aðkomu barna að málsmeðferð sérstaklega í nýjum lögum um barnavernd og einnig stendur til að skýra ákvæði sem snúa að kvörtunar- og kæruleiðum. Ráðuneytið hefur í yfirstandandi vinnu lagt á það áherslu að afla upplýsinga, m.a. frá barnaverndarþjónustum um framkvæmd ákvæðis 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga sem fjallar um rétt barns til skipunar talsmanns. Ástæðan fyrir þeirri áherslu er sú að ráðuneytið áformar að leggja til ákveðnar breytingar á löggjöfni sem tengjast aðkomu talsmanna, og eftir atvikum annarrar réttindagæslu, innan barnaverndarkerfisins með nýjum lögum um barnavernd. Nákvæm útfærsla liggur ekki fyrir en rétt er að upplýsa umboðsmann um að til stendur að eiga sérstakt samráð við börn, þ.m.t. börn sem hafa verið vistuð utan heimilis, hvað þessi atriði varðar.

Innra eftirlit barnaverndarþjónustna.

Í 11. kafla heimsóknarskýrslunnar er fjallað um eftirlit. Í þeirri umfjöllun er þeim tilmælum beint til mennta- og barnamálaráðherra að setja reglugerð um innra eftirlit barnaverndarþjónustna í samræmi við lagaskyldu þar um. Að mati mennta- og barnamálaráðuneytis er mikilvægt að reglugerð um innra eftirlit barnaverndarþjónustna samræmist öðrum reglum um innra eftirlit. Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, í samstarfi við Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og mennta- og barnamálaráðuneyti, vinnur að undirbúningi reglugerðar um innra eftirlit á grundvelli 2. mgr. 11. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021. Til að tryggja samræmi hefur mennta- og barnamálaráðuneyti talið rétt að setja reglugerð um innra eftirlit barnaverndarþjónustna, á grundvelli barnaverndarlaga, að þeirri vinnu lokinni.

Sé þess óskað veitir ráðuneytið góðfúslega frekari upplýsingar um yfirstandandi vinnu og framvindu hennar.

F.h. ráðherra
Anna Tryggvadóttir



F.h. ráðherra
Theódóra Sigurðardóttir

